

**FUNDARGERÐ 478. FUNDAR STJÓRNAR SORPU**

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 14. mars 2023. Fundurinn er settur klukkan 07:37. Fundurinn er staðfundur að Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eyðís Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Sækja fund með fjarfundarbúnaði: Orri Hlöðversson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir**1. Afgreiðsla ársreiknings SORPU bs. 2022**

Theodór S. Sigurbergsson, endurskoðandi frá Grant Thornton, og Sigrún Guðmundsdóttir, endurskoðandi frá endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar, tekur sæti undir þessum lið.

Fjármálastjóri gerir grein fyrir ársreikningi SORPU 2022.

Theodór og Sigrún víkja af fundi klukkan 08:20.

Stjórn samþykkir og staðfestir ársreikninginn.

2. Staða brennsluverkefnis

Valgeir Páll Björnsson, tækni- og verkefnastjóri hjá SORPU, tekur sæti undir þessum lið klukkan 08:33. Valgeir gerir grein fyrir vinnu verkefnis við könnun fýsileika þess að byggja sorpbrennslu til að mæta þörfum höfuðborgarsvæðisins og nærsveitarfélögum á suðvesturhorninu. Samtal um verkefnið hefur verið virkt á vettvangi sorpsamlaga á Suðvesturlandi og virðist mikill áhugi á aðkomu að verkefni þessu.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að könnun á fýsileika á uppbyggingu á sorpbrennslu, gerð viðskiptaáætlana og halda áfram samtölum við hagaðila á vettvangi úrgangsmála um uppbyggingu á sorpbrennslu.

Valgeir víkur af fundi klukkan 09:12.

3. Stefnumótun SORPU bs.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir undirbúningsvinnu að stefnumótun fyrir SORPU. Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:



„Stjórn SORPU fól stjórnarformanni og framkvæmdastjóra á fundi 14. febrúar sl. að kanna frekar inntak tillagna að stefnumótunarferli fyrir samlagið sem aflað hafði verið frá fjórum ráðgjafarfyrirtækjum og gera tillögu um samstarfsaðila. Eftir að hafa kynnt sér nánar fyrirbyggjandi tillögur að stefnumótunarferli og reynslu viðkomandi ráðgjafa m.a. með tilliti til tæknilegrar þekkingar á sviði úrgangsmála og reynslu af vinnu með fyrirtækjum á því sviði varð það að niðurstöðu þeirra að mæla með því að gengið yrði til samninga við danska ráðgjafarfyrirtækið Valcon A/S.

Í ljósi þessa er það ákvörðun stjórnar að fela framkvæmdastjóra að ganga til samninga við Valcon A/S um að stýra stefnumótun samlagsins.“

4. Önnur mál

Rætt var um umfjöllun í fjölmiðlum um framtíð forvinnslulínu í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi.

5. Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður þriðjudaginn 11. apríl 2023 klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 09:37.